



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Guðjón Axel Guðjónsson
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. febrúar 2006
Tilvísun: 2006010047
Bréfalykill: 50.15

Efni: Umsögn Orkustofnunar um beiðni Hitaveitu Suðurnesja um breytingar á reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar

Orkustofnun hefur mótttekið bréf frá Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti dags. 16. janúar 2006 þar sem beiðið er um umsögn stofnunarinnar á framkominni beiðni Hitaveitu Suðurnesja um breytingu á reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar.

Hitaveita Suðurnesja gerir tillögur að breytingum á fjórum greinum sbr. bréf fyrirtækisins til ráðuneytisins dagsettu 16. desember 2005.

1 15. málsgrein 2. gr.

Orkustofnun telur að tillaga HS sé efnislega jafngild núverandi grein enda er í skilgreiningu á notkunarferli tekið fram að "Töp í raforkukerfinu teljast hluti af notkunarferli". Því sér Orkustofnun ekki ástæðu til breytinga á ákvæðinu.

2 3. og 4. málsgrein 7. gr.

Tillögur HS eru nokkrar.

3. málsgrein

A Um er að ræða orðalagsbreytingar þar sem "nýtenging notkunarstaðar" kemur í stað "ný neysluveita" og þá er talað um "rétthafabreytingu". Ekki er talin ástæða til breytinga á reglugerð þeirra vegna.

B Að sölufyrirtækjum sé veitt heimild til 50% álagningar í stað skyldu til sömu álagningar. Orkustofnun telur mikilvægt að álagið falli til þ.a. sölufyrirtæki rafveitu geti ekki sjálfkrafa tekið yfir nýja viðskiptamenn og til að stuðla að samkeppni. Því leggst Orkustofnun gegn þeirri breytingu. Stofnunin telur hins vegar að skoða mætti hvort rétt væri að í stað 50% álags ofan á "lægsta raforkuverð" verði lagt á daggjald, en slíkt gæti auðveldað uppgjör og umsýslu.

C Þar sem dreifiveita geti verið í viðskiptum við fleiri en eitt sölufyrirtæki þykir HS orðalagið "sölufyrirtæki sem dreifiveita skiptir við" óljóst. Orkustofnun telur að enginn vafi leiki á efni greinarinnar sé hún lesin í samhengi enda stendur "Hafi samningur ekki verið gerður við sölufyrirtæki innan tilgreinds frests **ber dreifiveitu að gera samning við sölufyrirtæki** um að afhenda viðkomandi notanda raforku með 50% álagi á lægsta verð fyrir almenna notkun **hjá því sölufyrirtæki sem dreifiveita skiptir við**. Orkustofnun telur því ekki þörf til breytinga.

4. málsgrein

D Að hægt sé að semja við annað sölufyrirtæki en það sem gert er ráð fyrir að taki að sér nýja notendur. Þessu er ekki settar neinar skorður í reglugerð enda segir að "dreifiveitu [beri] að útvega raforku með 50% álagi á lægsta verð fyrir áætlaða

notkun." Því er ekki um að ræða neina kvöð á dreifiveitu að skipta við ákveðin sölufyrirtæki. Orkustofnun sér því enga ástæðu til breytingar vegna þessa.

3 41. gr.

Tillaga HS er að veita dreifiveitum heimild til að gefa út sameiginlega reikninga með sölufyrirtækjum. Þannig geti hvort tveggja dreifiveita sem og sölufyrirtæki gefið út einn reikning fyrir dreifingu og sölu á raforku. Orkustofnun leggst gegn slíkri breytingu og minnir á að ákvæði um heimild til útgáfu tveggja reikninga eða sameiginlegs reiknings frá sölufyrirtæki er frá hagsmunaaðilum komin.

4 42. gr.

Tillaga HS er að á reikningi dreifiveitu komi fram kennitala mælistaðar ásamt auðkenni notkunarferilssvæðis sem kerfisstjórn flutningsfyrirtækis úthlutar. Orkustofnun tekur undir með HS varðandi þetta atriði þar sem það myndi auðvelda söluaðilaskipti og samskipti við notendur. Orkustofnun bendir þó jafnframt á að dreifiveitum sé heimilt að hafa þessar upplýsingar á reikningum þótt það sé ekki tilgreint sérstaklega í reglugerð.

Virðingarfyllst

Ívar Þorsteinsson
verkfræðingur